

Fundargerð 225.fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. haldinn
19.mars 2026, kl. 12.00 á Teams.

Mætt:

Salóme Guðmundsdóttir, stjórnarformaður
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Einar Gunnar Thoroddsen, stjórnarmaður,
Guðmundur Daði Rúnarsson, stjórnarmaður,
Guðný Birna Guðmundsdóttir, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri,
Bryndís Lúðvíksdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð,
Elín Guðnadóttir, yfirverkefnastjóri, kom inn á fundinn undir lið 1,

1. *Staða lykilverkefna – til upplýsinga*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna félagsins. Elín Guðnadóttir, yfirverkefnastjóri, kom inn á fundinn og sagði meðal annars frá vinnu með Íslandsstofu um erlenda markaðssetningu, umræðum um gagnaver og næstu skref á hvað varðar hringrásariðngarð í Helguvík og Bergvík.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar

2. *Rekstrarstaða*

Framkvæmdastjóri lagði fram mánaðarlegar rekstrarupplýsingar sem liggja inni á stjórnargátt félagsins. Umræður um hlutfall lóðarleigu og byggingaréttargjalds til framtíðar og 5 ára áætlun sem liggur inni á stjórnargátt.

3. *Þróunarkostnaður – til upplýsinga*

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað ráðgjafa varðandi eignfærslu á þróunarkostnaði félagsins. Í ljósi eignarhalds var niðurstaðan sú að slíkt ætti ekki við félagið að óbreyttu.

4. *Innheimta lóðarleigu – til upplýsinga*

Framkvæmdastjóri átti samtalið við forsvarsmenn Reykjanesbæjar varðandi innheimtu á lóðarleigu fyrir Kadeco. Lagt er til að innheimta á lóðarleigu fyrir íbúðarlóðir verði færð yfir til Reykjanesbæjar en innheimta fyrir iðnaðar- og athafnalóðir verði áfram hjá Kadeco.

Ákveðið var að taka málið áfram og undirbúa að senda íbúðalóðir til innheimtu hjá Reykjanesbæ fyrir árið 2027.

5. *Varsla fjármuna Kadeco – til upplýsinga*

Framkvæmdastjóri ásamt Guðmundi Daða skoðuðu leiðir til ávöxtunnar á fjármunum Kadeco. Umræður um ávöxtunarleiðir, vaxtakjör, ríkisskuldabréf og fleira.

Ákveðið var að gera ekki breytingar að svo stöddu þar sem innlánsvextir skila góðri ávöxtun eins og staðan er í dag.

6. *Viðhorfskönnun og samskiptaáætlun*

Niðurstöður viðhorfskönnunar ræddar, Ásbrú -Kadeco - K64 – tækifæri og áskoranir.

Framkvæmdastjóri fór yfir tilgang samskipataáætlunar og tímasetningar á fyrirhuguðum verkefnum sem falla undir áætlunina. Hugmyndir um þátttöku stjórnarmanna í viðburðum ræddar, einnig að Kadeco verði sýnilegri og bjóði í heimsóknir til sín á Ásbrú.

7. *Ásbrú – kynningarefni*

Framkvæmdastjóri sagði frá kynningarefni sem búið er að útbúa fyrir svæðið, helstu áherslur og framtíðarsýn. Kynningarefnið verður kynnt Reykjanesbæ áður en lengra er haldið.

Stjórn þakkaði kynninguna.

8. *Markaðssetning K64*

Framkvæmdastjóri sagði frá kynningunni á K64 verkefninu á MIPIM, kynningin heppnaðist vel og var vel sótt.

Einnig sagði hann frá því að síðan *invest.k64.is* er komin í loftið.

9. *Önnur mál.*

Fundur með ráðherra í byrjun apríl

Stjórnarfundur 15.apríl – drög að ársreikningi og kynning á áhættustefnu

Stjórnarfundur 12.maí – ársreikningur til samþykktar

Aðalfundur 28.maí

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.34